

Reglugjörð

84
24. júní

fyrir vatnsveitu Sauðárkrókshrepps.

1. gr.

Samkvæmt lögum 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum, hefir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps einkaleyfi til starfrækslu og umráða á vatnsveitufyrirtæki því, sem þegar er á komið í kaптúninu Sauðárkrók og umhverfi.

2. gr.

Frá vatnsæðum þeim, sem lagðar eru um hreppinn og kaптúnið, má enginn nema með leyfi hreppsnefndar leggja neinar vatnsleiðslur.

3. gr.

Hreppsnefndin tilnefnir mann eða menn, sem hafi fyrir hennar hönd umsjón með öllu því, er lýtur að vatnsveitufyrirtækinu, og sjer hann eða þeir um allar gamlar og nýjar leiðslur, breytingar og viðgerðir. Eru allir skyldir að snúa sjer til hans eða þeirra um alt, er að slíku lýtur, enda eru tilsjónarmenn þessir skyldir að hlíta vinnukaптaxta, sem hreppsnefndin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er hún fyrirskipar.

4. gr.

Hver sá, er fær aukaleiðslu samkvæmt 2. gr., skal hlíta fyrirmælum umsjónarmanns um efni og lagning, og skal hann gæta þess, að alt efni sje jafnvandað og það, sem brúkað hefir verið til vatnsveitu kaптúnsins, og að vinnan sje að öllu leyti af hendi leyst í fullu samræmi við hana. Allar slíkar aukaleiðslur kosta hlutaðeigendur sjálfir. Allan viðhaldskostnað og aukakostnað af aukaleiðslum, sem þegar eru lagðar og síðar kunna lagðar að verða, bera húsa- og lóðaеigendur.

5. gr.

Hreppsnefndinni skal heimilt að loka vatnsæðum kaптúnsins fyrir þeim, er vanrækja að láta gera við leka á pípum eða hönum eða eyða vatni að óþörfu eða fara óhreinlega með það.

6. gr.

Hver, sem af ásettu ráði eða gáleysi skemmir vatnsæðar hreppsins eða önnur mannvirki, sem heyra til vatnsveitunni, skal greiða skadabætur að fullu og eftir atvikum sektir, ef þingri refsing liggur ei við að lögum.

84

7. gr.

24. júní

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugjörðar varða sektum alt að 200 kr. og fer með mál útaf þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir samið, staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 26, 22. október 1912.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

85

24. júní

Gjaldskrá

um vatnsskatt í Sauðárkrókshreppi.

1. gr.

Af öllum húsum í hreppnum skal vatnsskatt greiða, nema húsum þeim, er standa á svonefndri »Eyri« yzt í kaптúninu, og innangarðs á bóndabýlinu Sauðá. Vatnsskattur skal álagður eftir skattvirðingarverði, þar sem til er. Þau hús, sem ei eru svo mikils virði, að skattskyld sjeu, virðir hreppsnefndin til vatnsskatts.

2. gr.

Í vatnsskatt árlega skal greiða af húsum öllum á vatnsveitusvæðinu, sem ei eru meira en 14000 króna virði, sem hjer segir:

1. $5\frac{1}{2}\%$ af virðingarverði:

- a) í íbúðarhúsum, þar sem eru 3 íbúðir eða fleiri,
- b) í sjúkrahúsum,
- c) í gistihúsum,
- d) í sláturhúsum,
- e) í peningshúsum.

2. 5% af virðingarverði í íbúðarhúsum, þar sem eru 2 íbúðir.